

Geðhjálp mótmælir lyfjaverðs- hækkun

STJÓRN Geðhjálpar mótmælir harðlega fyrirhuguðum hækkunum á lyfjaverði til sjúklinga, sem Geðhjálp segir að bitni ekki hvað síst á geðsjúkum og fólki með geðraskanir. Þetta sé enn ein atlagan að sjúklingum sem þurfi í sívaxandi mæli að standa sjálfir undir kostnaði af veikindum sínum.

„Réttur fólks til heilsugæslu og læknisþjónustu án tillits til efnahags, sem á að vera tryggður með almannaþryggingum, er fyrir borð borinn. Með þessum aðgerðum stjórnvalda er verið að velta svokölluðum sparnaði hjá ríkissjóði yfir á sjúklinga. Að þessu sinni á að sækja hundruð milljóna króna einkum og sér í lagi í vasa örorku- og lífeyrisþega þar sem verð á algengum lyfjum til þeirra fimmfaldast,“ segir í ályktun stjórnar.

Geðhjálp bendir á að aðgerðir af þessu tagi einkennist af ábyrgðarleysi og skammsýni, þær bitni á sjúklingum og oft bágun efnahag þeirra, en ekki sé hreyft við hagnaði lyfjafyrirtækja.